



Verksvið sálfræðings við grunnskóla Kópavogs

Hlutverk

Sálfræðingur sem starfar við grunnskóla Kópavogs er hluti af skólaþjónustu sveitarfélagsins og fulltrúi skólaþjónustunnar í nemendaverndarráði.

Skólaþjónusta mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð því hver veitir þjónustuna. Sálfræðingur vinnur í nánú samstarfi við nemendur, foreldra og fagfólk sem kemur að málefnum nemenda.

Hlutverk sálfræðinga í grunnskólum snýr að athugunum, ráðgjöf og viðtölum. Sálfræðingar koma einnig að forvarnar- og fræðslustarfi.

Stjórnun

Sálfræðingur við grunnskóla Kópavogs starfar undir verkefnastjórn skólaþjónustu á grunnskóladeild Menntasviðs Kópavogs. Sálfræðingur starfar í viðkomandi skóla og vinnur undir daglegri verkstjórn skólastjóra og í samvinnu við starfsfólk skóla.

Starfsfyrirkomulag

Sálfræðingur situr fundi nemendaverndarráðs, en hlutverk þess er að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda. Sálfræðingur situr í ráðinu sem fulltrúi skólaþjónustu sveitarfélagsins. Sótt er um þjónustu sálfræðings á þar til gerðu eyðublaði.

Hægt er að óska eftir aðkomu sálfræðings þegar áhyggjur vakna af námsframvindu, hegðun eða líðan nemenda. Sálfræðingur leggur mat á stöðu nemandans og leggur fram tillögur um næstu skref í samvinnu við nemendur, foreldra og fagfólk. Íhlutun sálfræðings getur falist í greiningu, ráðgjöf, viðtölum og þverfaglegri teymisvinnu. Ef það er mat sálfræðings að nemandi þurfi viðtækara úrræði en skólinn veitir skal hann vísa á slík úrræði.

Sálfræðingur kemur einnig að almennri ráðgjöf og fræðslu fyrir nemendur, foreldra og fagfólk um málefni sem eru á hans sérsviði.

Sálfræðingar við grunnskóla Kópavogs funda reglulega með verkefnastjóra skólaþjónustu grunnskóladeildar.

Skýrsla

Sálfræðingar skila skýrslu til skólastjóra og verkefnastjóra skólaþjónustu grunnskóladeildar í lok skólaárs.